

## Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

1. *Hvernig gengur vinna nefndar sem endurmeta á átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða?*

Ekki er kunnugt um að skipuð hafi verið nefnd er hafi þetta hlutverk.

2. *Er ljóst hvort um framhald átaksverkefnisins verður að ræða?*

Fé var veitt til verkefnisins á fjárlögum ársins 2000 og fyrir Alþingi liggur frumvarp landbúnaðarráðherra um að verkefninu verði einnig tryggt starfsfé árin 2001 og 2002.

Óráðstafað fé verkefnisins nam 10.052.705 kr. 31. desember sl. Vegna þeirrar óvissu sem ríkti á síðasta ári um framhald fjármögnunar átaksverkefnisins og áhvílandi skuldbindinga ákvað stjórn þess að fara varlega í að stofna til frekari fjárskuldbindinga þar til niðurstaða um fjármögnun lægi fyrir.

3. *Hvaða verkefni voru unnin og/eða stofnað til í nafni átaksverkefnisins árin 1997, 1998 og 1999 og hver var kostnaður við hvert verkefni?*

	Kostnaður/ framlög, kr.*
<b>Verkefni 1997</b>	
Þátttaka í sýningu á lífrænum framleiðsluvörum, „Bio Fach 1997“, í Frankfurt . . . . .	1.249.202
Þátttaka í öðrum sýningum . . . . .	790.571
Útgáfa á kynningarbæklingi fyrir dilkakjöt . . . . .	177.014
Stuðningur við ferð bænda og sérfræðinga á sýninguna „Bio Fach“ í Frankfurt . . . . .	400.000
Tilraunir með lífræna ylraekt . . . . .	1.692.130
Endurvinnsla lífræns úrgangs til áburðarframleiðslu . . . . .	1.000.000
Rannsókn á snefilefnum í íslenskum matvælum . . . . .	500.000
Stuðningur við vottunarstofur vegna kynningar og uppbyggingar vottunarkerfis . . . . .	1.050.000
Framleiðsla á ófitusprengrdri lífrænni mjólk . . . . .	200.000
Könnun á möguleikum til lífrænnar sauðfjárframleiðslu á Vestfjörðum . . . . .	250.000
Rannsóknir á lúpínu o.fl. lækningajurtum á vegum HÍ . . . . .	400.000
Markaðsfærsla á dilkakjöti í Bandaríkjunum . . . . .	750.000
Tilraunir með lífræna fôðurframleiðslu hjá bændum í Mýrdal . . . . .	1.300.000
Styrkur til lífrænnar fræðslumiðstöðvar að Sólheimum í Grímsnesi . . . . .	450.000
Gerð kynningarefnis vegna sölu á dilkakjöti í Danmörku . . . . .	1.572.712
Tilraunir með fôðrun mjólkurkúa á íslensku byggi . . . . .	130.000
Tilraun með ræktun lúpínu sem beitarjurtar . . . . .	1.250.000
Stofnun fagráðs í lífrænni framleiðslu . . . . .	250.000

**Verkefni 1998**

Undirbúningur vottunarkerfis fyrir sjávarafurðir og eldisfisk	998.752
Útgáfa kynningarbæklings (endurprentun)	158.115
Kynning á lífrænu lambakjöti	70.000
Markaðssetning á dillkakjöti í Bandaríkjunum	2.120.000
Markaðssetning á lífrænu dillkakjöti í Bretlandi	260.000
Rannsókn á efnainnihaldi og gæðum íslensks grænmetis	750.000
Tilraunir til að bæta notkun búfjárburðar	500.000
Samantekt á niðurstöðum tilrauna með lífræna fódurframleiðslu	200.000
Mat á gróðurlendi vegna vistvænnar vottunar	500.000
Rannsókn HÍ á lúpínu o.fl. lækningajurtum	400.000
Kynniferð lífrænna ræktenda til Hollands og Bretlands	250.000
Tilraunir með lífræna ylraekt	1.000.000
Kynning á vörum úr íslenskum heilsujurtum	200.000
Áburðartilraunir í lífrænni ylraekt	428.000
Tilraunir með lífræna fódurframleiðslu hjá bændum í Mýrdal	1.300.000
„Going Organic“ kynning á Íslandi og íslenskum búvörum í Iceland Review	949.000
Markaðssetning á lífrænum heilsuvörum	280.000
Styrkur til bænda í lífrænni sauðfjárframleiðslu vegna vottunarkostnaðar	125.000
Tilraunir með íslenskar lækningajurtir	500.000
Gerð kynningarefnis vegna markaðssetningar á dillkakjöti í Danmörku	1.427.288

**Verkefni 1999**

Rannsóknir HÍ á lúpínu o.fl. lækningajurtum	800.000
Tilraunir með lífræna berjarækt	260.000
Hreinsunarátak Græna hersins	1.245.000
Kynning á grillkjöti	500.000
Gerð kynningarefnis vegna markaðssetningar á dillkakjöti	300.000
Tilraunir með fódurframleiðslu fyrir lífræna mjólkurframleiðslu	1.250.000
Kynning á „Global Action Plan“ á Íslandi	500.000
Kynning á dillkakjöti og íslensku handverki í Færeyjum	400.000
Markaðsáætlun fyrir framleiðslu og sölu fæðubótarefna úr íslenskum lækningajurtum	622.500
Kynning á íslenskum matvælum í sjónvarpi	300.000
Styrkur til bænda í lífrænni sauðfjárframleiðslu vegna vottunarkostnaðar	100.000
Samantekt á niðurstöðum tilrauna með lífræna fóduröflun	200.000
Rannsóknir á magni kadmíums í jarðvegi á Íslandi	400.000

\* Einungis eru tilgreind bein framlög/kostnaður Áforms við einstök verkefni. Flest verkefni eru unnin í samvinnu við aðra aðila. Ekki eru tiltækar upplýsingar um framlög/kostnað þeirra aðila vegna viðkomandi verkefna.

4. *Hve miklum fjármunum var í heild varið til reksturs átaksverksefnisins árin 1997, 1998 og 1999, sundurliðað, sbr. 8. lið í svari á þskj. 1132 frá 121. löggjafarþingi, og hver er fjárhagsstaða verkefnisins nú?*

	1997	1998	1999
Verkefnisstj. (verktakagreiðslur)	3.839.993	4.730.568	4.531.128
Skrifstofuaðstoð	720.000	871.200	871.200
Stjórnarlausn	1.197.487	1.522.493	1.469.717
Ferðakostn. stjórnar*	1.168.813	943.103	923.524
Annar ferðakostnaður	1.319.457	1.003.612	1.258.207
Ráðstefnur og fundir	61.433	12.950	0

\* Hafa þarf í huga að allir stjórnarmenn Áforms eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins.

5. *Hver var þátttaka Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eða annarra í átaksverkefninu árin 1997, 1998 og 1999?*

Eins og fram kemur í svari við 3. lið eru flest verkefni sem Áform hefur haft forgöngu um eða styrkt unnin í samstarfi við aðra aðila. Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur árin 1995–1999 lagt fram 26.785.000 kr. til slíkra verkefna. Ekki er kunnugt um hve mikið fé aðrir aðilar hafa lagt fram.

6. *Að hve miklu leyti hefur átakið snúist um aðrar afurðir en dilkakjöt?*

Sjá svar við 3. lið.

7. *Hefur einhver ályktun verið dregin af reynslunni af átaksverkefninu er varðar annars vegar vistvæna framleiðslu og hins vegar lífræna framleiðslu?*

Árangur af starfi verkefnisins lýsir sér fyrst og fremst í þeirri róttæku breytingu sem orðið hefur á sl. fimm árum á viðhorfum manna til gæðastýringar í landbúnaði og skilningi og þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru til vara á hágæðamörkuðum og hversu mönnum er unnt að mæta þeim kröfum. Árangur verkefnisins verður hins vegar ekki að svo komnu mældur í tölulegum upplýsingum um atvinnusköpun, magn seldra afurða og verðmæti. Á hinn bóginn hefur verkefnið með starfi sínu stuðlað að því að nú eru fyrir hendi forsendur til þess að hefja nýja sókn í framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

Viðhorfsbreyting sú sem hér um ræðir birtist m.a. þannig:

- Starfshópur á vegum landbúnaðarráðherra lagði til árið 1998 að stefnt yrði að því að allar íslenskar búvörur fengju vistvæna eða lífræna vottun.
- Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að unnið skuli að framgangi þessara tillagna starfshópsins á næstu fimm árum.
- Alþingi samþykkti í mars 1999 ályktun um að stefna beri að því að öll hefðbundin matvælaframleiðsla á Íslandi verði vottuð á forsendum sjálfbærrar þróunar. Jafnframt skuli stefnt að því að auka hlut lífrænt ræktaðra landbúnaðarafurða.
- Í nýjum samningi milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands, samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998, er í fyrsta sinn gert ráð fyrir framlögum vegna aðlögunar að lífrænni og vistvænni framleiðslu.
- Búnaðarþing 1999 fól stjórn Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir því að gerð verði framkvæmdaáætlun með markvissri stefnumótun um stuðning við lífrænan búskap og aðlögun að honum.
- Í ályktun aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda 1999 er lagt til að fundið verði fjármagn til að styrkja bændur sem vilja og geta stundað lífrænt vottaða framleiðslu.
- Umræður eru hafnar um vottun íslenskra sjávarafurða sem vistvænna á grundvelli þeirrar verndarstefnu sem fólgin er í íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu.
- Á vegum Bændasamtaka Íslands er unnið að því að koma á gæðastýringu í íslenskum landbúnaði sem er forsenda vistvænnar og lífrænnar vottunar.

Stærstur hluti þess fjár sem varið hefur verið til verkefna á síðustu fimm árum hefur runnið til markaðsathugana. Enda þótt íslenskar landbúnaðarafurðir, einkum dilkakjöt, hafi verið fluttar út í nokkru magni í áratugi hefur lítil markaðsþekking byggst upp. Frá árinu 1992 hafa nýjar áherslur í útflutningi dilkakjöts hins vegar rutt sér til rúms. Hlutfall stykkjaðrar vöru fer sífellt vaxandi, svo og hlutfall vöru í neytendapakningum. Aukin þekking og öryggi hvað varðar þökkunaraðferðir, umbúðir og flutninga hefur myndast. Fyrir forgöngu Áforms hefur á síðustu árum verið unnið markvisst að markaðssetningu íslensks dilkakjöts á framan­greindum forsendum með góðum árangri. Mikil reynsla hefur fengist og þekking á nauðsyn-

legum vinnubrögðum og vöruvöndun. Unnið hefur verið að því að finna markhópa sem sækjast eftir eiginleikum íslenska dillakjötsins og eru tilbúnir til að greiða mun hærra verð fyrir það en hliðstæða vöru. Þeim viðskiptatengslum, sem þannig hefur verið lagður grunnur að, hafa útflutningsfyrirtækin síðan fylgt eftir. Með þessu starfi hefur útflutningur á íslensku dillakjöti þróast í útflutning á sérstæðri vöru sem löguð er að óskum kaupenda og er ferskt dillakjöt nú selt á erlendum mörkuðum á sama verði og best gerist.

Af ráðstöfunarfé verkefnisins hefur verið varið um 21,5 millj. kr. til rannsókna af ýmsu tagi. Þar eru fyrirferðarmestar rannsóknir sem lúta að fóduröflun fyrir lífræna sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu, rannsóknir í lífrænni ylrækt, rannsóknir á gæðum og efnainnihaldi íslensks dillakjöts og grænmetis og rannsóknir á íslenskum lækningajurtum. Niðurstöður þessara rannsókna skapa forsendur til nýrrar sóknar á mörgum sviðum. Niðurstöður rannsókna á gæðum og efnainnihaldi dillakjöts og grænmetis geta haft og hafa þegar haft mikla þýðingu við markaðssetningu þessara afurða. Þannig hafa niðurstöður rannsókna sem leiða í ljós áberandi hreinleika íslensks grænmetis umfram innflutt orðið til þess að styrkja markaðsstöðu þess í samkeppni við innflutt grænmeti. Rannsóknir Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands á íslenskum lækningajurtum hafa leitt í ljós að í sumum þessara jurta eru verðmæt efni sem hugsanlegt er að nýta við framleiðslu lyfja og fæðubótarefna. Í undirbúningi er stofnun fyrirtækis til þess að kanna nánar möguleika á framleiðslu og vinnslu á þessu sviði.

Á starfstíma verkefnisins hefur um 29,4 millj. kr. verið varið til verkefna og styrkja á sviði lífrænnar framleiðslu. Þróun lífrænna framleiðsluhátta hefur verið mjög hæg hér á landi og er ástæðan m.a. sú að skort hefur rannsóknarniðurstöður varðandi möguleika á lífrænni fóduröflun og varðandi sölumöguleika og verðlag á afurðum. Með þeim rannsóknum sem Áform hefur gengist fyrir síðustu fimm ár, í samvinnu við þrjá bændur í Mýrdal, tvo sauðfjárbændur og einn mjólkurframleiðanda, Bændasamtök Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hafa fengist mikilvægar upplýsingar um möguleika til lífrænnar fóduröflunar við íslenskar aðstæður. Að fengnum niðurstöðum þessara rannsókna og tilruna er hafin víðtæk könnun á því á hvaða jörðum á landinu eru möguleikar til lífrænnar sauðfjárræktar, með tilliti til aðstæðna til fóduröflunar. Þá hefur markaðssetning Kjötumboðsins hf. og Sláturfélags Suðurlands svf. á lífrænu dillakjöti í Bretlandi og Danmörku gefið mikilvægar upplýsingar um sölumöguleika þessara afurða, hvaða verð fæst fyrir þær og þar með svör við því hvaða afkomumöguleikar eru í þessari framleiðslu. Svipað má segja um niðurstöður tilraunar með framleiðslu lífrænnar mjólkur. Þá hefur Áform síðustu þrjú ár styrkt tilraun með lífræna yl-rækt á tómtum og agúrkum í samvinnu við Þórð Halldórsson, bónda á Akri í Biskupstungum, Garðyrkjuskólann á Reykjum og Samband garðyrkjubænda. Niðurstöður þessara tilrauna hafa leitt í ljós að árangur í þessari ræktun er síst lakari en í hefðbundinni yl-rækt og markaðsmöguleikar góðir.

Að fengnum framangreindum rannsóknarniðurstöðum og markaðsathugunum hefur myndast sá grundvöllur sem hingað til hefur skort fyrir víðtækt kynningar- og fræðsluáttak meðal bænda um möguleika lífrænnar framleiðslu við íslenskar aðstæður.

#### 8. Að hvaða verkefnum er unnið á þessu ári í nafni átaksverkefnisins?

Meginviðfangsefni verkefnisins á þessu ári er að fylgja eftir þeim árangri sem þegar hefur náðst í starfi verkefnisins, m.a. með víðtækri kynningu og hvatningu meðal bænda til að taka upp vistvæna og lífræna framleiðsluhætti, öfluglu fræðsluátaki fyrir bændur og leiðbeinendur í landbúnaði, framhaldi rannsókna á lækningajurtum og mögulegri nýtingu þeirra til framleiðslu á fæðubótarefnum, áframhaldandi stuðningi við rannsóknir á sviði lífrænnar framleiðslu og markaðssetningu afurða á grundvelli fenginna rannsóknarniðurstæðna.